

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1.

Samkvæmt 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar færast til vesturs að Sultartangalóni og að því liggja aðrennslisgöng frá Sporðöldulóni.
- Tungnaá verður brúuð við Hald og þaðan lagður vegur í fjallvegaflokki að fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Frá honum verður lagður vegur að fyrirhuguðu stíflustæði Sporðöldulóns.
- Ný 220 kV háspennulína, Búðarhálslína 1, liggur yfir Búðarháls að tengivirki Sultartangastöðvar vestan Þjórsár. Línan verður samsíða fyrirhuguðum vegi að stöðvarhúsi og síðan Hrauneyjarfosslínu 1 að tengivirki Sultartangastöðvar.
- Sporðöldulón verður um 7 ferkílómetrar að flatarmáli eða um 1 ferkílómetra stærra en áætlað var.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*